

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, frístundabyggð í landi Úteyjar II í Laugardal, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. október 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að tvö landbúnaðarsvæði í landi Úteyjar II breytast í svæði fyrir frístundabyggð, annars vegar 22 ha svæði á milli núverandi frístundasvæðis og vegar nr. 37 og hins vegar stækkun á um 6 ha svæði við Laugarvatn í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 25. október 2007.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 9. nóvember 2007